

Ed. 660. Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Frv. til l. um hitaafstöð og hitaveitu á Ísafirði.

Frá Gísla Jónssyni.

Með því að ljóst er, að málið hefur ekki enn fengið nægilegan undirbúning, sbr. umsögn raforkumálastjóra, þykir rétt, að slíkur undirbúningur verði látinn fara fram, áður en frv. verður gert að lögum, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.